



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á tveimur hringtorgum við Víkurveg

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gerðar verði úrbætur á tveimur hringtorgum við Víkurveg, sem framkvæmdir hafa staðið við að undanförunu. Breikka þarf hringtorgin þar sem þau eru of þröng fyrir strætisvagna og aðrar stórar bifreiðar. Þá er æskilegt að í a.m.k. öðru hringtorginu verði útbúin hægri-beygjuakrein fyrir umferð af Víkurvegi að Egilshöll.


Var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 15. nóvember 2023.

Umsögn:

Þær breytingar sem gerðar hafa verið voru unnar í samstarfi við Strætó. Þær fela m.a. í sér breikkun á akstursleið í öðru hringtorginu og gerð nýs hringtorgs. Hönnun hringtorganna var gerð m.a. með tilliti til aksturs Strætó en einnig var mikil áhersla lögð á bætt aðgengi og umferðaröryggi fyrir gangandi og hjólandi vegafarendur. Sérstök hægri-beygjuakrein myndi vinna gegn markmiði um bætt öryggi gangandi og hjólandi vegaferanda.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt: Teikning af framkvæmdum



1. Yfirlitsmynd sem sýnir framkvæmirnar